

3. stjórnarfundur LH 17. janúar 2013

Fundur haldinn í höfuðstöðvum ÍSÍ

Mætt eru: Haraldur Þórarinnsson (HP), Oddur Hafsteinsson (OH), Sigurður Ævarsson (SÆ), Þorvarður Helgason (PH), Erla Guðný Gylfadóttir (EGG), Stefán Ármannsson (SÁ), Helga B. Helgadóttir (HBH), Andrea Þorvaldsdóttir (AP)

Starfsmaður : Hilda Karen Garðarsdóttir

1. Fundargerð 2. stjórnarfundar LH

Samþykkt

2. Erindisbréf nefnda

HP gerir uppkast að erindisbréfi fyrir kostnaðarnefnd og markaðs- og kynningarnefnd, sendir svo á stjórn til samþykktar. Nefndirnar/nefndarmenn geta komið með óskir um breytingar/lagfæringar ef þær óska þess. Þær þurfa þá að berast stjórn til umfjöllunar. Nefndirnar komi líka með punkta inn í erindisbréfin.

3. Hestadagar í Reykjavík 2013

Fela skrifstofu að skrifa félögunum á höfuðborgarsvæðinu + Mána, óska eftir félögum til starfa í nefndum. HKG kom með þá hugmynd að markaðs- og kynningarnefnd taki þetta fyrir.

HP: spurning um að bjóða félögum í Borgarfirði?

4. ÍM Borgarnesi 2013

HP gerir tillögu um að bóka eftirfarandi varðandi Íslandsmót fullorðinna: að það ár sem HM er sé dagsetning ÍM ákveðin af LH og fari ekki lengra en 150km radíus frá höfuðborgarsvæðinu. Íslandsmót í Borgarnesi verður 11.-14. júlí. Athuga betur þessa dagsetningu, landsliðsnefnd skoðar líka

5. Önnur mál

1. Nefndafundur – ca. 2 klst. Dagsetning: 1. mars kl. 17:00-19:30.
2. **Fagráð:** fengum ekki styrk til verkefnisins. Samþykkt að senda bréf til stjórnar Stofnverndarsjóðs/Fagráðs
3. **Stöðulistar:** eitthvað að fréttu af þeirri vinnu? Spurningu beint til Odds í tölvunefnd af SÆ.
4. Stefnt að því að hafa fundina kl 15:00 framvegis.
5. Spurning um að setja tengil inná lhestar.is inn á viðbragðsáætlun ISI um ef grunur vaknar um kynferðisbrot í starfi okkar. HP lagði til að 2 úr stjórn yrðu tilnefndir til að skoða þessi mál innan okkar raða og koma með hugmyndir að úrbótum, verkferlum og viðbragðsáætlun. HBH býður sig fram og SÆ. Koma með tillögur á næsta stjórnarfund.
6. OH kynnti handbók landsliðsnefndar stuttlega, SÁ óskaði eftir því að hún yrði send á alla stjórnarmenn.
7. Dómarahús Landsmóts: FM hefur óskað eftir því að fá þau lánuð. Sama með tenglana. Tillaga verður gerð um leigugjald, Björn endurskoðandi mun skoða það með stjórninni.

8. ÞH: bréf barst frá SAMÚT. Fylgigögn: spurningar sem SAMÚT vill leggja fyrir forsvarsmenn stjórn mála flokkanna. SAMÚT vill fá að hafa meira að segja um hvernig aðgengið er að hálendinu. LH hefur sent spurningar líka. Gerum ekki athugasemdir við þessar spurningar.
9. Litabókin. HP talar um að skoða endurprentun á henni. Það er áhugi fyrir henni. WOW var hrifið af henni, vill jafnvel fá hana í flugvélarnar sínar. Góð auglýsing fyrir okkur, þurfum að nýta betur. AP nefnir ljósmyndina sem gerð var athugasemd við. Markaðs- og kynningarnefnd LH taki þetta mál fyrir. SÆ nefnir logomálin, það eru úrelt merki þarna inni.
10. HP segir frá undirbúningi LH fyrir HM2013 í Berlin. Tengsl Hþ, skrifstofu og sendiráðsins í Berlín. Í Berlín er s.k. Fælleshus sem okkur stendur til boða að nýta okkur til kynningar á hestinum, HM og fl. Hugsað sem upptaktur fyrir HM 2013. Sendiráðið myndi bjóða aðilum á okkar vegum, t.d. FEIF, landsliðinu o.fl. í boð til kynningar á hestinum. Sendiráðið og ráðuneytin standa fyrir.
11. Ólafsfjörður – HP talar við formanninn.
12. Velferðarnefnd. Tölvupóstur frá SÆ: SÆ talar um að erfitt sé að banna hin ýmsu verkfæri. MAST geri rannsókn yfir eitt ár.
13. ÞH: landsþingsstaður 2014. Gleymdist á þinginu í haust. Senda á formannalistann okkar, athuga að taka fram þarfir og kröfur um aðstöðu.
14. OH: segir frá störfum landsliðsnefndar. Vetrardagskrá nefndarinnar hlýtur góðan hljómgrunn. SÆ finnst kostnaður hár fyrir eina helgi, 22.000 kr. Ánægja með þetta prógramm. U21 hópurinn væri sterkur þarna inni.
15. AP: Frétt á heimasíðu HÍDI v/námskeið. Fólk þarf að koma 2x suður, bóklegt og verklegt.

*Fleira ekki fært til bókar
Fundarritari: Hilda Karen Garðarsdóttir*